

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 248, 8. maí 1996,  
um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1996.**

### 1. gr.

Aftan við reglugerðina bætist ný grein er orðist svo:

Fiskistofa skal eftir 25. júní 1996, sbr. 4. og 5. mgr. 3. gr., úthluta 18.000 lestum til þeirra hringnótaskipa, sem þann dag hafa landað meiri afla en sem nemur helmingi þess aflahámarks, sem viðkomandi skipi var úthlutað í maí 1996. Um þessa úthlutun gilda reglur lokamálsliðar 1. mgr. 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er útgerðum síldarskipa heimilt með tilkynningu til Fiskistofu að flytja eftirstöðvar aflahámarks til annarra skipa, sem leyfi hafa til síldveiða, enda séu þær eftirstöðvar ekki meiri en sem nemur hálfum mesta síldarfarmi þess, það sem af er síldarvertíðinni, er reglugerðin tekur gildi.

Fiskistofu er heimilt með tilkynningu til útgerða fiskiskipa að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þegar heildarafli vertíðarinnar nemur sem næst 190.000 lestum og eru síldveiðar eftir þann tíma óheimilar úr þeim stofni.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 37, 14. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992,  
um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum,  
með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Með reglugerð þessari er felld niður 2., 10. og 11. gr. reglugerðarinnar.

### 2. gr.

Í stað: „Ríkismats sjávarafurða“ í 2. mgr. 7. gr. komi: Fiskistofu.

### 3. gr.

Í stað: „kr. 10.000,00“ í síðasta málslið 9. gr. komi: kr. 14.200.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 15. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 355

26. júní 1996

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 25,51 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 27,11 kr. af hverjum lítra.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 1. júlí 1996 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. júlí 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. júlí 1996. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

---

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*